

Föstudaginn 9. október 1992.

Nr. 427/1990.

**Matthías Einarsson,
Ingibjörg Matthíasdóttir og
Ragnhildur Matthíasdóttir**

gegn

**Bæjarsjóði Keflavíkur,
Arnmundi Backman,
A. G. Broone Camp. Inc.,
Brynjólfi Kjartanssýni,
Flugleiðum hf.,
Gjaldheimtunni í Garðabæ,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Helga Aðalsteinssýni,
Helgu Rósantsson,
Hf. Eimskipafélagi Íslands,
Íslandsbanka hf.,
Jónasi Björnssýni,
Landsbanka Íslands,
Matthíasi Matthíassýni,
Péttri Péturssýni,
Póst- og símamálastofnun,
Prentsmiðjunni Odda hf.,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Skuldaskilum hf.,
Sparkassen SDS.,
tollstjóranum í Reykjavík,
Útilífi hf.,
Fjárfestingarfélaginu Skandia hf.,
Þorbirni Einarssýni,
Þrotabúi Kaupfélags Berufjarðar og
Þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf.**

Kærumál. Nauðungaruppboð. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson,
Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1990. Áfrýjað er þriðja og síðasta uppboði á 75% af eignarhluta á annarri hæð í húsinu nr. 17 við Laufásveg í Reykjavík, þinglesinni eign sóknaraðila. Undanskilin er tveggja herbergja íbúð á sömu hæð. Uppboðið fór fram í uppboðsrétti Reykjavíkur 6. júlí 1990. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992, og er það skriflega flutt.

Í Hæstarétti hafa áður verið kveðnir upp dómar í uppboðsmálinu 11. apríl 1989 og 8. júní 1990.

Fjárfestingarfélagið Skandia hf. hefur vegna yfirtöku á rekstri Verðbréfamarkaðar Fjárfestingarfélagsins hf. gerst aðili að málinu í hans stað.

Sóknaraðilar krefjast þess, að framangreint uppboð verði dæmt ógilt og „uppboðið felld úr gildi í heild sinni“. Krafist er óskipt kærumálskostnaðar úr hendi þeirra varnaraðila, sem kröfur gera fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilarnir bæjarsjóður Keflavíkur, Arnmundur Backman, Fjárfestingarfélagið Skandia hf., Gjaldheimtan í Reykjavík, Helga Rósantsson, Landsbanki Íslands, Matthías Matthíasson, Pétur Pétursson, tollstjórinn í Reykjavík, Þorbjörn Einarsson og þrotabú Verslunarinnar Víðis sf. krefjast staðfestingar hins kærða uppboðs. Þessir varnaraðilar, að frátöldum Helgu, Matthíasi og Pétri, krefjast kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila. Varnaraðilarnir bæjarsjóður Keflavíkur og Þorbjörn Einarsson krefjast kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðila og lögmanns þeirra, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns.

Af hálfu varnaraðilans Íslandsbanka hf. er því lýst yfir, að hvorki séu gerðar kröfur né hafðar uppi varnir í málinu, þar sem uppboðs-kröfur hans séu að fullu greiddar.

Af hálfu annarra varnaraðila en að framan eru taldir hafa ekki borist greinargerðir í kærumálinu.

Eftir að annað og síðara uppboð á framangreindri eign fór fram 17. apríl 1990, var óskað þriðja og síðasta uppboðs á eigninni. Ákveðið var, að það færi fram 9. maí sama ár. Með úrskurði uppboðsréttar, er kveðinn var upp þann dag, var þriðja og síðasta uppboð felld niður ex officio vegna mistaka við birtingu tilkynningar

til eins sóknaraðila. Þessi úrskurður var kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm í kærumálinu 8. júní 1990, sbr. Hrd. 1990, bls. 836. Með dómi þessum var lagt fyrir uppboðshaldara að boða að nýju þriðja og síðasta uppboð.

Sóknaraðilar reisa kröfur sínar á því, að samkvæmt forsendum í nefndum dómi Hæstaréttar hefði þriðja og síðasta uppboð átt að fara fram innan fjögurra vikna frá fyrr auglýstum uppboðsdegi 9. maí 1990. Uppboðið hafi hins vegar ekki farið fram fyrr en 6. júlí, er rúmlega átta vikur voru liðnar. Það sé því ljóst, að hið kærða uppboð hafi ekki farið fram í tæka tíð.

Þeir varnaraðilar, sem kröfur gera í málinu og halda uppi vörnum, reisa kröfur sínar á því, að túlkun sóknaraðila á fyrrnefndum dómi Hæstaréttar sé fjarstæð. Fjórar vikur frá fyrr auglýstum uppboðsdegi 9. maí hafi verið liðnar, áður en dómur Hæstaréttar var kveðinn upp. Augljóst sé, að fjögurra vikna frestinn beri að reikna frá uppsögudegi dómsins.

Í niðurlagi forsendna dóms Hæstaréttar, sem lögmaður sóknaraðila vitnar til, var kveðið á um það, hvernig uppboðshaldari átti að bregðast við vegna mistaka, sem urðu við birtingu fyrri tilkynningar til eins af sóknaraðilum um þriðja og síðasta uppboð á umræddri eign, en ekki um málsmeðferð hans eftir uppkvaðningu dómsins. Sú ályktun, sem lögmaður sóknaraðila dregur af dómnum og er eina málsástæða hans í kærumáli þessu, er því út í hött. Samkvæmt því ber að staðfesta hið kærða uppboð.

Uppboðsmál þetta hófst 27. febrúar 1985. Það hefur því verið að hrekjast fyrir dómstólum á áttunda ár. Lögmaður sóknaraðila, Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður, gætti upphaflega hagsmuna varnaraðilanna Helgu Rósantsson og Péturs Péturssonar samkvæmt þrem uppboðsbeiðnum frá 28. nóvember 1984, en tók síðar að sér rekstur málsins fyrir sóknaraðila. Er ámælisvert, að lögmaður taki að sér með þeim hætti málflutningsstörf í einu og sama dómsmáli, og framganga hans nú í málinu hefur bersýnilega beinst að því að torvelða eðlilegan rekstur þess. Hefur hann með þessu stuðlað að því, að málalok drægjust svo óhæfilega á langinn sem raun ber vitni. Ber að víta þessi vinnubrögð.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðilunum bæjarsjóði Keflavíkur, Arnmundi Backman, Fjárfestingarfélaginu Skandia

hf., Gjaldheimtunni í Reykjavík, Landsbanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Þorbirni Einarssyni og þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf. kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Þriðja og síðasta uppboð á 75% af eignarhluta á annarri hæð hússins nr. 17 við Laufásveg í Reykjavík, að undanskilinni tveggja herbergja íbúð á sömu hæð, er staðfest.

Sóknaraðilar, Matthías Einarsson, Ingibjörg Matthíasdóttir og Ragnhildur Matthíasdóttir, greiði hverjum eftirtalinna varnaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað: bæjarsjóði Keflavíkur, Arnmundi Backman, Fjárfestingarfélaginu Skandia hf., Gjaldheimtunni í Reykjavík, Landsbanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Þorbirni Einarssyni og þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf. Sóknaraðilar greiði varnaraðilunum bæjarsjóði Keflavíkur og Þorbirni Einarssyni kærumálskostnaðinn in solidum.
